

Stjórnvaldssekt vegna brots á 62. gr. og 63. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti.

Þann 21. desember 2006 sektaði stjórn Fjármálaeftirlitsins Tommy Persson, stjórnarmann í Kaupþing banka hf., vegna brots á 62. gr. og 63. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti (vvl).

Stjórn Fjármálaeftirlitsins komst að þeirri niðurstöðu að fruminnherjinn hefði brotið gegn 62. gr. og 63. gr. vvl. þegar hann rannsakaði hvorki né tilkynnti um víðskipti fjárhagslega tengds aðila með hlutabréf í útgefandanum á tilskildum tíma. Víðskiptin áttu sér stað 6. nóvember sl. en voru ekki tilkynnt Kaupþingi banka fyrr en 8. nóvember.

Var það mat stjórnar Fjármálaeftirlitsins að ekki væri ástæða til að vísa málinu til refsimeðferðar hjá ríkislögreglustjóra, skv. 75. gr. og 76. gr. vvl., heldur væri það þess eðlis að rétt væri að ljúka því með stjórnvaldssekt í samræmi við heimildir Fjármálaeftirlitsins í 74. gr. vvl. Með hliðsjón af atvikum málsins þótti hæfileg sekt vera kr. 200.000.